

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „ellefu hundraðshluta álags“ í 1. másl. kemur: sjö hundraðshluta álags.
- b. 2. másl. fellur brott.
- c. Í stað orðanna „1. janúar og 1. júlí ár hvert“ í 3. másl. kemur: fyrsta dag hvers mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.